

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

|  |    |
|--|----|
| HAUSTRÁÐSTEFNA<br>2011   | 1  |
| FRÆÐSLUFUNDIR<br>FIE   | 1  |
| FRÁ AÐALFUNDI<br>FIE ÁRIÐ 2011                                       | 2  |
| ÚR SKÝRSLU<br>STJÓRNAR FIE<br>VEGNA<br>STARFSÁRSINS<br>2010 TIL 2011 | 3  |
| ÁHÆTTUREGNHLÍF<br>LARRY HUBBARD                                      | 8  |
| KYNNING Á<br>FÉLAGSMANNI   | 9  |
| SKOÐANIR<br>FÉLAGSMANNA  | 10 |
| NÝ TILMÆLI OG<br>UMRÆÐUSKJÖL<br>FME                                  | 10 |

## HAUSTRÁÐSTEFNA – DAGANA 6.–7. OKTÓBER 2011 “RISK BASED AUDITING: A VALUE ADDED PROPOSITION”

Haustráðstefna FIE verður haldin í samstarfi við IIA undir yfirskriftinni:

### „Risk Based Auditing: A Value Added Proposition“

Til að félaginu sé kleift að halda þessa ráðstefnu er miðað við lágmarksfjölda þátttakanda. Jafnframt gerir IIA kröfu um hámarksfjölda þátttakanda og verða ráðstefnusætin því á bilinu 25–35. Það er því mikilvægt að staðfesta þátttöku sem fyrst eða ekki síðar er 15. ágúst næstkomandi.

Nánari kynningu á efni ráðstefnunnar má finna á

heimasíðu FIE.

Ráðstefnugjald er 65.000 kr. per þátttakanda. Staðfestingargjald kr. 30.000 þarf að greiða samhliða skráningu og er það óendurkræft.

Vinsamlega staðfestið þátttöku á tölvupóstfangið [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is), ásamt upplýsingum um nafn þátttakanda, kennitölu, símanúmer og netfang. Auk upplýsingar um greiðanda ef greiðandi er annar en þátttakandi.

Ráðstefnan verður haldin á Nauthól við Nauthólsvík og veitir 16 endurmenntunareiningar (CPE).



Fyrirlesari verður Larry Hubbard (CIA,CCSA,CISA,CPA), en hann er einn af reyndustu fyrirlesurum IIA.

Á heimasíðu Larry má finna ýmislegt fróðlegt sem vert er að skoða - sjá

<http://www.lhubbard.com/>

## FRÆÐSLUFUNDIR FIE

### FME, STJÓRNAR- HÆTTIR OG INNRI ENDURSKOÐUN – NÝ VIÐMIÐ Í EFTIRLITI

Á fræðslufund FIE í apríl fluttu starfsmenn FME fróðleg erindi varðandi nýja stefnu FME og ný viðmið í eftirliti.

Fyrirlesarar voru tveir, þau Sigurður Valgeirsson og Hrafnhildur Mooney.

### INNRI ENDUR- SKOÐUNAR-DAGUR FIE

Ráðstefnan var haldin 25. mars 2011 og fluttu sex fyrirlesarar fjölbreytt erindi. Nánari umfjöllun um ráðstefnuna má finna á bls. 4, í umfjöllun um skýrslu stjórnar sem kynnt var á aðalfundi félagsins 27. maí 2011.

### GLÆRUR Á HEIMASÍÐU FIE

Á heimasíðu FIE má finna glærur frá flestum fyrirlesaranna.

HAUST-  
RÁÐSTEFNA  
FIE  
6.–7. OKTÓBER  
2011

## AÐALFUNDUR FIE 2011

Aðalfundur FIE var haldinn 27. maí 2011 í Turninum við Smáratorg og mættu 20 félagsmenn á fundinn.

Á fundinum voru kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára, þær Sif Einarsdóttir og Auðbjörg Friðgeirsdóttir. Sif hefur starfað í stjórn félagsins og var gjaldkeri þess á liðnu starfsári en Auðbjörg er ný í stjórn FIE. Nanna Huld Aradóttir, fráfarandi formaður félagsins, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var henni þakkað fyrir mikið og gott starf í þágu félagsins.

Kosnir voru formenn í nefndir félagsins og endurskoðandi félagsins:

Hrefna Gunnarsdóttir var kjörin formaður fræðslunefndar.

Ágúst Hrafnkelsson var kjörinn formaður alþjóðanefndar.

Nanna Huld Aradóttir var kjörin formaður siðanefndar.

Endurskoðandi félagsins til næstu tveggja ára var kjörin Sigrún Guðmundsdóttir.

Félagsgjald var ákveðið kr. 13.000 fyrir starfsárið 2011 til 2012. Nokkrar umræður urðu í tengslum við ákvörðun um félagsgjald. Upphafleg tillaga stjórnar var að félagsgjald yrði kr. 10.000 eða hækkun um kr. 2.500. Þess var jafnframt getið að til að standa undir þeim útgjöldum sem það þyrfti að standa undir yrði það að vera um 13.000 kr.

Fram komu tvær tillögur frá fundarmönnum um hækkun félagsgjalds. Sú tillaga sem lengst gekk, þ.e.a.s. að hækka félagsgjald í kr. 15.000, var lögð fram fyrst og var felld. Þá var lögð fram tillaga um hækkun félagsgjalds í kr. 13.000 og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6.

Til viðbótar því að samþykka hækkun félagsgjalda fór fram umræða um hugsanlegan kynningarafslátt af félagsgjöldum til háskólanema. Að lokum var eftirfarandi bókun samþykkt: „Stjórn félagsins hafi heimild til þess að útfæra afsláttarkerfi á félagsgjöld til reynslu“.

Á fundinum kom formaður alþjóðanefndar því á framfæri að undanfarin misseri hafi gengið erfiðlega að fjármagna ferðir fulltrúa FIE á fundi IIA og ECIIA. Hann benti á að tengsl við þessi félög væru mikilvæg fyrir FIE, m.a. til að fylgja nýjustu straumum og stefnum í innri endurskoðun. Fram til þessa hafa einstaklingar og fyrirtæki sem þeir starfa hjá fjármagnað allar þær ferðir sem farnar hafa verið fyrir hönd félagsins. Formaður alþjóðanefndar lagði til að félagið myndi að lágmarki greiða ferðakostnað fyrir eina ferð á ári á slíka fundi, fyrir formann félagsins, en ekki var tekin ákvörðun um þetta atriði á fundinum. Fram kom að þó stjórn félagsins sé öll að vilja gerð

þá er félaginu þröngur stakkur skorinn og því erfitt um vik að fjármagna slíkar ferðir.

Rætt var um upplýsingar varðandi framboð á endurmenntun og komu fram ábendingar um að gott væri að gera þessar upplýsingar betur aðgengilegar á heimasíðu FIE. Formaður fræðslunefndar vakti athygli á að greinaskrif í fréttabréf félagsins gæfi endurmenntunareiningar og hvatti félagsmenn til þess að nýta sér það.

Lagt var til að félagið færi í fræðsluherferð meðal 100 stærstu fyrirtækjanna hérlandis og kynnti innri endurskoðun og FIE en mörg þessara félaga eru ekki með innri endurskoðunardeildir. Ekki var tekin ákvörðun um þetta atriði.

Jafnframt var lagt til að í siðanefnd félagsins ættu sæti utanfélagsmenn til þess að tryggja að störf nefndarinnar væru hafin yfir allan vafa ef á reyndi. Ekki var tekin ákvörðun um þetta atriði. Spurt var um hvaða nefnd félagsins hefði það hlutverk að þýða innri endurskoðunarstaðlanna. Fram koma að alþjóðanefnd félagsins hefur það hlutverk.

Félagsmenn geta nálgast fundargerð aðalfundar í heild sinni á innri vef heimasíðu FIE.

**Nanna Huld Aradóttir,**  
fráfarandi  
formaður FIE, var  
kjörin formaður  
siðanefndar FIE.

**Auðbjörg Friðgeirsdóttir**  
tekur sæti í  
stjórn FIE.

**Nýr formaður**  
stjórnar FIE er  
**Anna Margrét**  
**Jóhannesdóttir**



## SKÝRSLA STJÓRNAR VEGNA STARFSÁRSINS 2010 - 2011

Í skýrslu stjórnar, sem flutt var á aðalfundi félagsins 27. maí 2011, kom meðal annars fram að stjórn félagsins hélt ellefu formlega fundi á starfsárinu og var verkaskipting eftirfarandi:

Nanna Huld Aradóttir, formaður

Anna Margrét Jóhannesdóttir, varaformaður

Sif Einarsdóttir, gjaldkeri

Páll Ólafson, ritari

Albert Ólafsson, meðstjórnandi

Helstu verkefni á liðnu starfsári voru:

### VIÐURKENNING Á STARFSHEITI INNRI ENDURSKOÐENDA

Stjórn félagsins óskaði eftir viðræðum við efnahags- og viðskiptaráðuneytið (EVR) um viðurkenningu á starfsheiti innri endurskoðenda. Fulltrúar stjórnar funduðu með fulltrúum EVR í maí og í minnisblaði sem stjórnin lagði fram af því tilefni, kemur fram að mikilvægt sé að EVR geri sér grein fyrir því að innri endurskoðun er sérstök faggrein, sem hefur annað hlutverk, ábyrgð og starfssvið en ytri endurskoðun. Í 6. mgr. 4. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 hefur þessi sérstaða verið viðurkennd. Að mati félagsins er þessi undanþága þó of þröngt skilgreind. Hún felur m.a. í sér að þeir félagar í FIE sem hlotið hafa faggildingu í innri endurskoðun geta ekki notað

þetta starfsheiti nema að vera starfandi innan sérstakrar einingar innan fyrirtækis, sem sinnir innri endurskoðun. Auk þess er starfsmönnum þessarar einingar heimilt að kalla sig innri endurskoðendur án þess að hafa hlotið til þess hina alþjóðlegu faggildingu. Til samanburðar geta þeir sem lokið hafa löggildingarprófum í endurskoðun (þ.e. ytri endurskoðendur) kallað sig endurskoðendur óháð því hvort þeir starfa sem slíkir. Vegna þessa telur félagið nauðsynlegt að alþjóðlega faggildingin verði viðurkennd í lögum, sem og réttur þeirra sem hana hafa til að kalla sig innri endurskoðendur. Auk þess telur félagið rétt að hugað verði að verndun þessa starfsheitis þar sem auknar kvaðir eru nú lagðar á innri endurskoðendur bæði hér á landi og erlendis sem gerir það nauðsynlegt að tryggj sé að hér á landi sé ávallt starfandi stétt sem hafi sérþekkingu á þessu sviði.

Í skýrslu nefndar, sem skipuð var af efnahags- og viðskiptaráðherra, um málefni endurskoðenda, sem út kom í janúar 2011, var fjallað um starfsumhverfi innri endurskoðunar. Tilmæli nefndarinnar varðandi innri endurskoðun voru þau að mikilvægt væri að sett verði í heildarlög um endurskoðun, skýr lagafyrirmæli um efnisþætti er varða starfsemi innri endurskoðunar. Þá taldi nefndin

mikilvægt að settar verði lágmarkskröfur um menntun þeirra sem eru forstöðumenn innri endurskoðunar. Enn fremur taldi nefndin að huga bæri að því með hvaða hætti opinberir aðilar og/eða háskólasamfélagið geti komið að menntun innri endurskoðenda í samvinnu við FIE og alþjóðasamtök innri endurskoðenda. Loks taldi nefndin að skoða þurfi hvort skylda beri allar einingar tengdar almannahagsmunum til að hafa innri endurskoðun.

Fulltrúar EVR tóku erindi félagsins vel. Fram kom á fundinum að verið væri að vinna að heildstæðri löggjöf um endurskoðun þar sem sameinuð væri ákvæði er varða ytri endurskoðun, innri endurskoðun og endurskoðunarnefndir í eina löggjöf og er stefnt að því að frumvarp þess efnis verði lagt fram á haustþingi. Þá var óskað upplýsinga um hvernig löggjöf varðandi innri endurskoðun væri háttað á Norðurlöndunum. Ráðuneytinu hefur þegar verið sent minnisblað um framkvæmdina í Noregi en í norsku löggjöfinni er að finna ágætt dæmi um skilyrði til að kalla sig innri endurskoðanda. Þar er gerð krafa um að þeir sem kalli sig innri endurskoðendur skuli hafa lokið prófi í innri endurskoðun, þar sem CIA prófin eru viðurkennd, auk þess sem viðkomandi skal hafa unnið í faginu í tiltekin tíma.

Mikilvægt að starfsheitið innri endurskoðandi njóti lögbundinnar viðurkenningar og verndunar.

Í Noregi er gerð krafa um að þeir sem kalla sig innri endurskoðendur skuli hafa lokið prófi í innri endurskoðun (CIA).

## FRAMHALD— ÚR SKÝRSLU STJÓRNAR

Peir sem hafa fengið heimild til að kalla sig innri endurskoðendur, geta notað þann titil þrátt fyrir að þeir vinni ekki í faginu. Alþjóðanefnd félagsins mun kanna ítarlega lagaframkvæmd varðandi þetta efni á hinum Norðurlöndunum.

Mikilvægt er að festa innri endurskoðun í sessi sem sérstaka faggrein hérlendis. Sérstaklega með hliðsjón af mikilvægi innri endurskoðunar í stjórnarháttum, áhættustýringu og innra eftirliti fyrirtækja. Stór áfangi á þeirri leið er að fá opinbera viðurkenningu hérlendis á gildi alþjóðlegra prófa í innri endurskoðun og að þeir sem hafi slíka viðurkenningu hafi rétt til að kalla sig innri endurskoðendur. Mikilvægt er að fylgja þessum máli eftir með skipulögðum hætti.

### UMSAGNI

FME óskaði eftir tveimur umsögnum frá FIE. Annars vegar varðandi umræðuskjal nr. 1/2011 um leiðbeinandi tilmæli um undanþágu frá starfsrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármála-fyrirtækjum og hins vegar varðandi umræðuskjal nr. 3/2011 um leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu hjá lífeyrissjóðum.

FIE skilaði umsögn um umræðuskjal nr. 1/2011 þann 4. mars 2011. Í umsögninni kom fram það álit FIE að ekki sé þörf á því að setja fram sérstök leiðbeinandi tilmæli

um undanþágu frá starfsrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármála-fyrirtækjum. Í 1. mgr. 16. greinar laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki kemur fram að heimilt sé að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð. FIE telur eðlilegt að slík reglugerð taki heildstætt á starfsemi innri endurskoðunar þ.m.t. skilyrðum fyrir undanþágu frá starfsrækslu slíkrar deildar. FIE væntir þess að reglugerðin leysi af hólmi leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 um störf endurskoðunardeilda fjármála-fyrirtækja og eldri tilmæli nr. 4/2003 um undanþágu frá starfsrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum.

Umsögn félagsins við umræðuskjal nr. 3/2011 um leiðbeinandi tilmælu um áhættustýringu hjá lífeyrissjóðum er í vinnslu en skilafrestur er til 15. júní 2011.

### INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN

Innri endurskoðunardagurinn var haldinn þann 25. mars síðast liðinn og var það í þriðja sinn sem félagið heldur daginn hátíðlegan. Innri endurskoðunardeginum er hvoru tveggja í senn ætlað að vera gagnleg ráðstefna um málefni sem tengjast innri endurskoðun og vekja athygli á faggreininni sem slíkri.

Reynt hefur verið að tengja

efni dagsins við það sem hæst ber í þjóðfélaginu hverju sinni, að sjálfsögðu með sérstakri skírskotun til innri endurskoðunar. Þetta árið var sjónum beint að stjórnaháttum fyrirtækja. Sex fyrirlesarar fluttu erindi. Dr. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands fjallaði um „Vinnubrögð atvinnulífs - hvar stöndum við og hvert er ferð heitið“; Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins fjallaði um „Samkeppni og eflingu atvinnulífs“; Dr. Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Auðar Capital tók fyrir umfjöllunarefnið „Lærum af reynslunni – öfgar og skynsemi í stjórnarháttum“; Sigurður Þórðarson, formaður nefndar um málefni endurskoðenda og fyrrverandi ríkisendurskoðandi fjallaði um helstu niðurstöður í skýrslu nefndar um málefni endurskoðenda. Þá fór Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu yfir stjórnarhætti og áherslur við eftirlitsskylda fjármálastarfsemi. Loks fjallaði Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor hjá viðskiptadeild HR, um ytri gagnrýni og innri viðbrögð – rannsókn á gagnrýni á fjármálastöðugleika. Ráðstefnustjóri var Lilja Steinþórsdóttir forstöðumaður innri endurskoðunar Arion banka. Ráðstefnan var fjölsótt en um 90 manns sóttu hana.

**Mikilvægt er að festa innri endurskoðun í sessi sem sérstaka faggrein hérlendis.**

**Sérstaklega með hliðsjón af mikilvægi innri endurskoðunar í stjórnarháttum, áhættustýringu og innra eftirliti fyrirtækja.**

## FRAMHALD— ÚR SKÝRSLU STJÓRNAR

Svo virðist sem innri endurskoðunardagurinn hafi fest sig í sessi sem einn af fóstum viðburðum ársins.

### KYNNINGARSTARF

Ákveðið var að uppfæra kynningarbækling félagsins „Hvað er innri endurskoðun?“. Markmiðið var að uppfæra efni bæklingins og gera hann áferðarfalllegri og naut FIE aðstoðar auglýsingastofu við þá vinnu. Ákveðið var að bjóða stærstu endurskoðunarfyrtækjunum að setja nafn sitt aftan á bæklinginn gegn greiðslu og þáðu þær það allar. Bæklingnum var dreift á innri endurskoðunardaginn 2011 og er öllum félagsmönnum aðgengilegur, óski þeir eftir honum.

Heimasíða félagsins hefur lengi beðið uppfærslu og bíður það verkefni nýrrar stjórnar. Albert Ólafsson hefur annast vefsíðu félagsins og sinnt því hlutverki með stökum sóma.

### SAMSTARF FIE OG HR

Samstarfi FIE og Háskólans í Reykjavík um námskeiðahald var framhaldið á starfsárinu 2010 - 2011 en samstarfs-samningur þess efnis var undirrituð þann 24. september 2009. Stendur félagið í samvinnu við Opna háskólann í Reykjavík fyrir námskeiði um innri endurskoðun annars vegar og

innra eftirlit hins vegar. Nanna Huld Aradóttir og Anna Margrét Jóhannesdóttir hafa annast kennslu á námskeiðunum. Námskeið voru haldin haustið 2010 og var þátttaka ágæt. Reynt var að bjóða upp á námskeið í innri endurskoðun á Akureyri í samvinnu við háskólann þar en þátttaka reyndist ekki næg að þessu sinni. Verður slíkt námskeiðahald kannað betur næsta haust. Stefnt er að nýjum námskeiðum haustið 2011. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Opna háskólans í Reykjavík.

Einnig er stefnt af skipulegu háskólanámi á sviði innri endurskoðunar í samstarfi við HR á næsta skólaári. Slíkt nám yrði þá valfag fyrir þá nemendur er stunda nám í viðskiptafræði. Um spennandi verkefni er að ræða þar sem áhugi yngra fólks á innri endurskoðun kann að verða vakinn. Unnið hefur verið að þróun slíks náms víða um heim og hafa Evrópusamtök innri endurskoðenda sett af stað sérstakt verkefni um samskipti við háskólasamfélagið líkt og alþjóðasamtökin hafa gert en Anna Margét Jóhannesdóttir er tengiliður félagsins við þetta verkefni Evrópusamtakanna.

### FAGGILDINGARPRÓF (CIA)

Samhliða rafrænu fyrir-komulagi á faggildingar-prófunum (CIA prófum) hefur

yfirsýn FIE yfir þá aðila sem hyggjast preyta prófin minnkað. Próftímabilum hefur einnig fjölgað og því hefur reynst erfiðara um vik að skipuleggja sérstakar kynningar eða námskeið tengdum prófunum. Guðjón Viðar Valdimarsson, sem fyrstur þreytti prófið héraendis á tölvutæku formi, var fenginn af fræðslunefnd til að kynna prófið fyrir áhugasömum á morgunverðarfundi félagsins. Í framhaldi af þeim fundi hélt fræðslunefnd tvo fundi með undirbúningshóp fyrir faggildingarpróf. Nú eru 14 einstaklingar með slíka gráðu héraendis. Betur má ef duga skal og hvetur stjórn FIE félagsmenn til að afla sér gráðunnar.

### FAGGILDING OG ENDURMENNTUNAREININGAR

Þeir sem fengið hafa faggildingum sem innri endurskoðendur (CIA gráðu) þurfa að gera grein fyrir 80 klst. í endurmenntun annað hvert ár. Að jafnaði þurfa þeir því að sækja sér 40 klst. endurmenntun í faginu árlega til þess að halda CIA gráðunni. Fræðslunefnd hefur haldið utan um þá viðburði sem nefndin stendur fyrir og þær endurmenntunareiningar sem hver viðburður gefur.

**14 félagsmenn FIE hafa faggildingum sem innri endurskoðendur (CIA).**

**Betur má ef duga skal og hvetur stjórn FIE félagsmenn til að afla sér faggildingar (CIA).**

## FRAMHALD— ÚR SKÝRSLU STJÓRNAR

Nefndin hefur hins vegar ekki haldið sérstaklega utan um mætingu þeirra félagsmanna sem hafa prófgráðu á viðburðina. Það er á ábyrgð hvers og eins, eins og reglur IIA kveða á um. Fræðslunefnd getur þó staðfest fundarsókn vegna ráðstefna og morgunverðarfunda félagsins ef eftir því yrði kallað af hálfu IIA. Rétt er að benda á að fleiri viðburðir en þeir sem eru á vegum félagsins geta gefið rétt til endurmenntunareininga.

### FASTANEFNDIR FÉLAGSINS

Fastanefndir félagsins eru þrjár; Fræðslunefnd, sem skipuleggur fræðslu á vegum félagsins, svo sem morgunverðarfundi, námskeið og smærri ráðstefnur, auk þess að hafa umsjón með heimasíðu félagsins, útgáfu kynningarefnis og fréttabréfa. Alþjóðanefnd, sem heldur utan um samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda og eftir atvikum aðra erlenda samstarfsaðila félagsins. Nefndin skal einnig fylgjast með þróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar. Loks er siðanefnd, sem taka skal til umfjöllunar ábendingar um meint brot félagsmanna á siðareglum innri endurskoðenda.

Nefndirnar skulu vinna störf sín í samráði við stjórn sem setja skal þeim erindisbréf þar sem starfssvið og heimildir eru nánar tilgreind.

Slík erindisbréf setti stjórnin fyrir fræðslunefnd þann 1. nóvember 2010 og fyrir alþjóðanefnd og siðanefnd þann 7. febrúar 2011.

### FRÆÐSLUNEFND

Formaður fræðslunefndar, Hrefna Gunnarsdóttir, var kosin á aðalfundi FIE í maí 2010. Á þeim fundi var jafnframt samþykkt breyting á samþykkuðum félagsins sem fól meðal annars í sér að formönnum fastanefnda félagsins er falið að velja aðra nefndarmenn. Aðrir nefndarmenn fræðslunefndar FIE starfsárið 2010 – 2011 voru; Guðjón Viðar Valdimarsson, Ingunn Þórðardóttir og Þórir Haraldsson.

Starfsáætlun nefndarinnar var meðal annars byggð á niðurstöðum netskoðana-könnunar sem fræðslunefnd útbjó og lögð var fyrir félagsmenn í september 2010.

Helstu verkefni starfsársins hafa meðal annars tengst:

- **fræðslufundum** – á starfsárinu voru 6 fræðslufundir á vegum fræðslunefndar. Flestir fyrirlesarar komu úr röðum félagsmanna FIE en einnig frá embætti Ríkislögreglustjóra og frá Fjármálaeftirlitinu.
- **fréttablöðum FIE** – 3 tölublöð voru gefin út á starfsárinu og naut fræðslunefnd þar krafta félagsmanna, bæði innan og utan nefndarinnar,

varðandi greinaskrif í blöðin. Jafnframt var einn félagsmaður kynntur sérstaklega í hverju tölublaði.

- **undirbúningi fyrir fag-gildingar próf (CIA próf)** – nefndin hélt fundi með undirbúningshóp fyrir faggildingarpróf, í október 2010 og í febrúar 2011, auk þess sem fræðslufundur í september fjallaði um undirbúning fyrir prófin.
- **heimasíðu FIE** – nefndin fékk góða kynningu frá Alberti Ólafssyni varðandi heimasíðuna og möguleika varðandi breytingar á útliti hennar. Nefndin vinnur nú að því að skoða möguleika varðandi nýtt útlit og uppbyggingu heimasíðunnar og mun fljótlega kynna tillögur sínar fyrir stjórn FIE.
- **haustráðstefnu** – búið er að ganga frá bókun á fyrirlesara á haustráðstefnu FIE sem haldin verður í Nauthól 6. – 7. október 2011.
- **fésbókarsíðu\* fræðslunefndar** – stofnuð var „fésbókarsíða“ þar sem m.a. eru upplýsingar um atburði á vegum fræðslunefndar. Vonir standa til að samskipti félagsmanna á þessum vettvangi eigi eftir að aukast.

Fræðslunefnd FIE vonast eftir auknum samskiptum félagsmanna á fésbókarsíðu nefndarinnar.

Haustráðstefna FIE verður haldin á Nauthól 6.— 7. október 2011.

Félagsmenn þurfa að staðfesta þátttöku fyrir 15. ágúst .

## FRAMHALD— ÚR SKÝRSLU STJÓRNAR

### ALPJÓÐANEFND

Í alþjóðanefnd störfuðu á árinu Ágúst Hrafnkelsson, formaður, Ástráður Karl Guðmundsson, Sigurjón G. Geirsson og Sveinbjörn Egilsson.

Alþjóðanefnd annast samskipti við IIA fyrir hönd FIE. Í því felst meðal annars:

- Halda uppi tengslum við tengiliði hjá IIA og eftir því sem við á við systur- og svæðissamtök. Í þeim efnum verði lögð sérstök áhersla á samstarf við systurfélög á Norðurlöndum.
- Meta erindi sem IIA sendir félaginu sérstaklega og/ eða almennt til aðildarféлага sinna. Ef erindi eru þess eðlis að þau eigi erindi til félagsmanna, svo sem kannanir, undirbýr alþjóðanefnd kynningu þeirra og metur hvort þörf sé á að þýða erindið í heild sinni eða aðeins úrdrátt. Dreifing slíks efnis er að öllu jöfnu unnin í samstarfi við fræðslunefnd félagsins. Séu erindi þess eðlis að þau þarfnist umfjöllunar stjórnar eða séu stefnumarkandi fyrir félagið leggur alþjóðanefnd tillögu fyrir stjórn félagsins til umfjöllunar áður en erindinu er svarað.
- Alþjóðanefnd aðstoðar stjórn og aðrar nefndir félagsins við að koma erindum á framfæri við IIA.

Nefndin fylgist með framþróun alþjóðlegra staðla á

sviði innri endurskoðunar og miðlar upplýsingum um þá og fyrirhugaðar breytingar til félagsmanna. Nefndin fjallar jafnframt um þýðingar á stöðlum og tengdu efni eftir því sem ástæða þykir til.

Alþjóðanefnd hefur rætt aðferðafræði við þýðingu alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun og skoðað fyrirbyggjandi drög að þýðingu eldri útgáfu staðlanna. Það er álit nefndarinnar að mikilvægt sé að þýða lykilþætti staðlanna, en að ekki sé grundvöllur fyrir heildstæðri þýðingu á öllu ítarefni staðlanna með það í huga að ávinningur verði að öllum líkindum ekki í samræmi við þá vinnu sem slík þýðing kallar á. Nefndin hefur unnið þýðingaráætlun, sem skiptist í fjóra verkþætti: orðasafn, yfirferð skilgreiningar innri endurskoðunar, þýðingu síðareglna og meginmáls staðlanna. Vinna við þýðingu er hinsvegar nokkuð á eftir áætlun.

Með hliðsjón af áherslum varðandi samstarf við systur-samtök á Norðurlöndum ákvað alþjóðanefnd að bera sérstaklega niður í Noregi, enda er einn nefndarmanna búsettur þar í landi. Árið 2009 kom fyrrum formaður norska félagsins til Íslands og hélt fyrirlestur á innri endurskoðunardeginum. Formaður alþjóðanefndar Félags um innri endurskoðun mun halda fyrirlestur á 60 ára afmælisráðstefnu norska félagsins árið 2011

og kemur það í framhaldi af umleitan alþjóðanefndar um frekara samstarf við frændur okkar, Norðmenn. Þótt ekki sé um formlegan samstarfsvettvang að ræða milli félaganna á Norðurlöndum er ekki ólíklegt að formenn félaganna sækji þessa ráðstefnu. Áfram verður unnið að því að koma auknu samstarfi á.

Það háir alþjóðlegu samstarfi félagsins nokkuð hversu erfitt hefur reynst fyrir forráðamenn félagsins að sækja alþjóðlega fundi IIA og Evrópusamtaka innri endurskoðenda. Mikilvægt er að félagið taki virkan þátt í þessu starfi, bæði til að tryggja að sjónarmið Íslands heyrist á þessum vettvangi og til þess að sækja mikilvæga þekkingu til að styrkja uppbyggingu innri endurskoðunar sem faggreinar á Íslandi.

Ágúst Hrafnkelsson hefur starfað í alþjóðanefnd IIA síðan 2008 og hefur nú einnig verið tilnefndur til stjórnarsetu í alþjóðasamtökunum til tveggja ára og mun að öllu óbreyttu taka sæti í stjórninni á aðalfundi sem haldinn verður í Kuala Lumpur sumarið 2011. Æskilegt væri að fleiri félagsmenn íhuguðu að bjóða fram krafta sína á vettvangi alþjóðasamtakanna en árlega er leitað eftir tilnefningum til nefndarsetu.

**Það er álit alþjóðanefndar FIE að mikilvægt sé að þýða lykilþætti staðlanna, en að ekki sé grundvöllur fyrir heildstæðri þýðingu á öllu ítarefni staðlanna.**

**Formaður alþjóðanefndar FIE hefur starfað í alþjóðanefnd IIA frá 2008.**

## FRAMHALD – ÚR SKÝRSLU STJÓRNAR

### SIÐANEFND


Breytingar á samþykktum félagsins, sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi, hnykkja á skyldu félagsmanna til að hlíta siðareglum innri endurskoðenda. Enn fremur er gert ráð fyrir að

stjórn skipi sérstaka siðanefnd til að fjalla um meint brot á reglunum. Slík nefnd var ekki skipuð á síðasta starfsári en siðanefnd mun væntanlega taka til starfa á komandi starfsári.

Félagsmenn geta nálgast skýrslu stjórnar í heild sinni á innri vef heimasíðu FIE. Þar má jafnframt finna fundargerð frá aðalfundi FIE 27. maí 2011 og ársreikning FIE fyrir árið 2010.

Formaður nýrrar siðanefndar er  
Nanna Huld  
Aradóttir

## ÁHÆTTUREGNHLÍF - RISK UMBRELLA



Á heimasíðu Larry Hubbard, væntanlegs fyrirlesara á haustráðstefnu FIE, má finna margvíslegt efni. Með annars má finna ýmsa lista, svokallaða tossalista ("cheat sheet") auk þess sem finna má svokallaða áhætturegnhlíf.

**IR** = inherent risk = allir regndroparnir (eðlislæg áhætta)

**RR** = residual risk = regndropar sem falla fyrir utan regnhlífina (afgangsráðgjæta)

**CR** = control risk = möguleikar á því að regnhlífin leki, þ.e. núverandi eftirlitsþættir virki ekki sem skyldi

**Áhættuvilji** = Risk Appetite = hversu stór regnhlífin er

**Endurskoðunaráhætta** = Audit Risk = möguleikar á því að regnhlífin leki án þess að endurskoðendur komi auga á lekann

Á heimasíðu  
Larry Hubbard  
má finna  
margvíslegt efni.  
Meðal annars má  
finna ýmsa lista,  
svokallaða  
tossalista  
("cheat sheet")

Áhætturegnhlífin  
er á lista yfir  
grunnþætti í  
áhættumati



**KYNNING Á FÉLAGSMANNI:****ALBERT ÓLAFSSON STARFSMAÐUR RÍKISENDURSKOÐUNAR OG VARAFORMAÐUR STJÓRNAR FIE**

Að þessu sinni verður Albert Ólafsson kynntur. Albert hefur verið starfsmaður Ríkisendurskoðunar frá 1982 bæði í hlutastarfi með háskólanámi og síðan í fullu starfi að loknu námi. Hann hefur því í gegnum tíðina komið að mörgum verkefnaviðum innan Ríkisendurskoðunar. Auk þess að koma að endurskoðun íslenskra ríkisaðila hefur Albert komið að endurskoðun alþjóðlegra stofnana s.s. Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) í 4 ár og Evrópuráðsins í 8 ár. Hann var auk þess ritari Reikningsskilaráðs í yfir 10 ár en eitt af síðustu verkefnum þess ráðs var að hafa yfirumsjón með yfirferð á íslenski þýðingu alþjóðlegra reikningskilastaðla sem var mikið verk. Albert hefur töluvert komið að endurskoðun upplýsingakerfa og tengdum úttektum, en þess má geta að kandidatsritgerð hans fjallaði um öryggi í tölvukerfum. Hann tók Certified Information Systems Auditor (CISA) prófið 1992.

Albert var einn af þeim fjölmörgu sem tók þátt í stofnun FIE árið 2003 og sat hann í fræðslunefnd félagsins á árabílinu 2005-2010. En frá 2010 hefur hann setið í stjórn félagsins. Í þeirri stjórn sem nú situr er hann varaformaður.

Fyrstu afskipti Alberts af innri endurskoðun að einhverju ráði voru þegar hann vann að samantekt á leiðbeiningarriti um innri endurskoðun sem Ríkisendurskoðun gat úr á árinu 1999, en þá þurfti hann að lesa sig í gegnum innri endurskoðunarfræðin. En á þessum tíma lagði Ríkisendurskoðun mikla áherslu á að efla innra eftirlit og innri endurskoðun hjá ríkisaðilum, þetta var bæði gert með úttektum á þessum málum hjá ríkisaðilum og með útgáfu leiðbeiningarrita (Best Practice Guides) um tengd málefni.

Helsta áhugamál Alberts er að spila tónlist bæði frumsamda og eftir aðra. Þegar menn eru bæði með tölvudellu og tónlistardellu þá gefur augaleið að menn blandi þessu saman á einhverjum tímapunkti það hefur Albert gert sér til ánægju.

Fyrir nokkru fór Albert í fimmtugsafmæli hjá æskufélaga. Gjafir voru afþakkaðar en þess í stað óskað eftir því að afmælisgestir myndu styrkja starf félags sem vinnur að þróunarsamvinnu sem heitir Vinir Indlands. Það gerði Albert en þar sem hann er haldin þeim forvitnis atvinnusjúkdómi sem hrjáir líklega einnig marga aðra félagsmenn í FIE,

því hann vildi fá að vita meira um þetta félag sem hann var að styrkja og fjármál þess. Til að gera langa sögu stutta þá endaði það með því að hann hóf að hjálpa félaginu í sjálfbodavinnu í frísundum. Hann er núna orðin varamaður í stjórn Vina Indlands. En þetta félag er að vinna mjög gott starf á Indlandi í samstarfi við betur stæða heimamenn við rekstur munaðarleysingjaheimila og verkefna á sviði menntamála sem er að skila miklum árangri m.v. það fjármagn sem lagt er í starfið. Ef einhverjir hafa áhuga á að gerast styrktaraðilar barna á heimilum á vegum Vina Indlands þá er þeim velkomið að hafa samband við Albert. Hann mun koma þeim í samband við rétta aðila.

Albert er núna í sumarfrí og er það sem af er búinn að fara í göngutúr á Langanesi sem var fjögurra daga ferð. En gist var á bænum Ysta Lóni á Langanesi. Þó svo að það hafi verið frekar kalt og ekki hafi sést til sólar allan tímann þá var ferðin mjög ánægjuleg í alla staði. Ferðin var á vegum Ferðafélagsins Norðurslóða á Þórshöfn sem skipulagði ferðina fyrir Ferðafélag Íslands. Frekari ferðalög eru á dagskrá núna í sumar aðallega ætlunin að dvelja á Norðurlandi.

**Fæðingarstaður:**

Reykjavík 1961

**Foreldrar:**Ólafur Vignir  
Albertsson og  
Puríður Einarsdóttir**Maki:**Sveinbjörg R.  
Sumarliðadóttir,  
bókasafnsfræðingur  
hjá RÚV,  
heilsunuddari og  
hómópati**Menntun:**Cand. Oecon  
frá HÍ 1988,  
CISA árið 1992 og  
CIA árið 2006

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður

Guðjón V. Valdimarsson,

Ingunn Þórðardóttir,

Þórir Haraldsson

## SKOÐANIR FÉLAGSMANNA FIE

Ágætu félagsmenn

Við mótun fræðsludagskrár fyrir FIE er mikilvægt fyrir fræðslunefnd félagsins að heyra skoðanir hins almenna félagsmanns.

Fræðsludagskráin fyrir starfsárið 2010 til 2011 var meðal annars unnin á grundvelli niðurstaðna úr skoðanakönnun sem lögð var fyrir félagsmenn haustið 2010. Það sama verður gert haustið 2011 auk þess sem við hvetjum félagsmenn

til að koma ábendingum á framfæri, til dæmis á fésbókarsíðu fræðslunefndar og/eða með tölvupósti til nefndarinnar.

Skoðanir félagsmanna varðandi efni heimasíðu og annað í starfi félagsins eru jafnframt dýrmætar. Framundan eru endurbætur á heimasíðunni og allar ábendingar því mjög vel þegnar.

Fræðslunefnd FIE hefur borist liðsauki þar sem Björn

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

## FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI (PROGRESS THROUGH SHARING)

Snær Atlason hefur gengið til liðs við nefndina.

Áfram starfa í nefndinni Guðjón Viðar Valdimarsson, Ingunn Þórðardóttir, Þórir Haraldsson auk undirritaðrar.

Með von um góðar ábendingar og gott samstarf,

Hrefna Gunnarsdóttir,  
formaður fræðslunefndar

### Stjórn FIE:



formaður:  
Anna Margrét  
Jóhannesdóttir



varaformaður:  
Albert Ólafsson



gjaldkeri:  
Páll Ólafson



ritari:  
Sif Einarsdóttir



meðstjórnandi:  
Auðbjörg  
Friðgeirsdóttir

## NÝ TILMÆLI OG UMRÆÐUSKJÖL FME

Meðal nýrra tilmæla frá FME eru tilmæli nr. 2/2011 um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum. Tilmælin leysa af hólmi eldri tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2003 varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá

fjármálafyrirtækjum.

FME hefur einnig kynnt nýtt umræðuskjal nr. 6/2011 varðandi leiðbeinandi tilmæli um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila.

Eftir breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006,

árið 2008, er kveðið á um að við allar einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd.

Í 7. tölulið 1. mgr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 er skilgreint hvaða einingar eru taldar tengjast almannahagsmunum.